

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 736/2013**

2014/EES/12/25

frá 17. maí 2013

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar
tímalengd vinnuáætlunarinnar um að rannsaka fyrirbyggjandi sæfandi, virk efni (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um framhald vinnuáætlunarinnar um kerfisbundna rannsókn á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum, sem eru notuð í sæfivörur, sem hafin var í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾.
- 2) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að vinnuáætluninni ljúki fyrir 14. maí 2014.
- 3) Samkvæmt nýjasta mati framkvæmdastjórnarinnar, eins og fram kemur í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins skv. 6. mgr. 296 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, varðandi afstöðu ráðsins til samþykktar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins

um setningu sæfivara á markað og notkun þeirra⁽³⁾, mun rannsókn á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum, sem eru notuð í sæfivörur, ekki ljúka fyrr en 31. desember 2024.

- 4) Því er rétt að framlengja vinnuáætlunina fram til þess dags.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal halda áfram vinnuáætluninni um kerfisbundna rannsókn á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum, sem hafin var í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB, með það að markmiði að henni ljúki fyrir 31. desember 2024. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 83. gr., varðandi framkvæmd vinnuáætlunarinnar og tilgreiningu á tengdum réttindum og skyldum lögbæru yfirvaldanna og þátttakendanna í áætluninni.“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽³⁾ COM(2011) 498, lokagerð